



## Fundur í sveitarstjórn

**90. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 25. október 2018. Fundur var settur kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Siggeir Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Almar Marinósson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Fundargerð 863. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. september 2018
- 2) Fundargerð 864. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2018
- 3) Fundargerð 9. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 1. október 2018
  - a) Liður 5: Erindi frá HSP – Æfum alla ævi
- 4) Fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 15. október 2018
- 5) Fundargerð 310. fundar stjórnar Eyþings, dags. 26. september 2018
- 6) Fundargerð 311. fundar stjórnar Eyþings, dags. 9. október 2018
- 7) Fundargerð 17. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 18. október 2018
  - a) 1. liður: Kynning á skýrslu um skólamál
- 8) Fundargerð 35. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 19. september 2018
- 9) Fundargerð 24. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 24. október 2018
  - a) 1. liður: Gróðurhús á Bakkafirði
- 10) Innsent erindi: Áskorun frá fundi Félags eldri borgara við Þistilfjörð, dags. 15. október 2018
- 11) Innsent erindi: Starf Flugklasans Air 66N, 21. mars – 7. október 2018
- 12) Innsent erindi: Eyþing dags. 16. október 2018
- 13) Samstarfssamningur við Héraðssamband Þingeyinga
- 14) Aflið – styrkbeiðni vegna 2019
- 15) Samþykktir Langanesbyggðar – síðari umræða
- 16) Miðholt 10 – Viðhaldsmál
- 17) Drög að Samgönguáætlun 2019 – 2033 stefna í samgöngumálum
- 18) Sveitarsjóður, átta mánaða uppgjör



- 19) Fjárhagsáætlun 2019 – Tillaga að fjárhagsáætlun
- 20) Skýrsla sveitarstjóra

## Fundargerð

- 1. Fundargerð 863. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. september 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 864. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 9. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 1. október 2018**  
Fundargerðin lögð fram.  
*Liður 5: Erindi frá HSP – Æfum alla ævi*  
**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn tekur undir bókun framkvæmdastjórnar varðandi hugmynd þá sem í erindi bréfitara er sett fram og felur fulltrúum sveitarfélagsins í fulltrúaráði að koma þeim skilaboðum á framfæri á komandi fundi fulltrúaráðs héraðsnefndar.  
Samþykkt samhljóða.
- 4. Fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 15. október 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 5. Fundargerð 310. fundar stjórnar Eypings, dags. 26. september 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 6. Fundargerð 311. fundar stjórnar Eypings, dags. 9. október 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 7. Fundargerð 17. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 18. október 2018**  
Fundargerðin lögð fram.
- 8. Fundargerð 35. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 19. september 2018**  
Fundargerðin lögð fram.



## 1. Kynning á skýrslu um skólamála

Í samræmi við ákvörðun á 75. fundi sveitarstjórnar hefur verið gerð úttekt á rekstri fræðslumála í Langanesbyggð. Við úttektina var sérstaklega horft til aukins samstarfs rekstrareininga, tækifæra sem í nýrri tækni felast og bættrar nýtingar á húsnæði. Umrædd úttekt liggur nú fyrir og hefur fengið umfjöllun í fræðslunefnd.

Til máls tóku Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Elías Pétursson, veitti andsvar.

Sigríður Friðný Halldórsdóttir lagði fram svohljóðandi tillögu fyrir hönd U-listans: U-listinn telur að ýmislegt vanti í framlagða skýrslu svo allar hliðar málsins komi fram, m.a. vegna þess við hve fáa aðila var rætt og ónákvæmri tímalínu gagna. Við leggjum til að fagaðilar, fræðslunefnd og starfsmenn muni í sameiningu hefja vinnu við að auka samstarf skólastiganna, m.a. endurskrifa starfslýsingar stjórnenda, sem og verklýsingu, þar sem ákvæði væri um samstarfs- og samráðsferli.

Sigríður Friðný Halldórsdóttir óskaði eftir fundarhlé kl. 17:15. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:23.

Til máls tók Almar Marinósson.

Tillaga U-listans felld með fjórum atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Mirjam Blekkenhorst, Halldórs Rúnars Stefánssonar og Árna Braga Njálssonar.

Með tillögunni greiddu atkvæði: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Siggeir Stefánsson og Almar Marinósson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn tekur undir bókun fræðslunefndar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og kynna fyrir skólastjórnendum og starfsfólki. Sveitarstjórn lýsir einnig yfir sérstakri ánægju með alla þá fjölmörgu jákvæðu þætti sem fram í skýrslunni koma og varða skólastarf í Langanesbyggð.

Bókun um afgreiðslu samþykkt samhljóða.

## **9. Fundargerð 24. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 24. október 2018**

Fundargerðin lögð fram.

### Liður 1. Gróðurhús á Bakkafirði:

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir samþykkt nefndarinnar og felur sveitarstjóra að gera sérstakan samning við umsækjanda vegna málsins þegar öll gögn liggja fyrir. Í þeim samninga skal, utan þess er kemur fram í bókun nefndarinnar, kveðið á um skil á landi ef til þess kemur.

Samþykkt samhljóða.



#### **10. Innsent erindi: Áskorun frá fundi Félags eldri borgara við Þistilfjörð, dags. 15. október 2018**

Fram kemur að aðalfundur félags eldri borgara við Þistilfjörð skori á sveitarstjórn að stofna öldungaráð í sveitarfélaginu.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til velferðarnefndar til umfjöllunar, einnig er sveitarstjóra falið að gæta þess að í nýjum samþykktum sé gert ráð fyrir ráðum svo sem öldungaráði.

Samþykkt samhljóða.

#### **11. Innsent erindi: Starf Flugklasans Air 66N, 21. mars – 7. október 2018**

Skýrsla um starf Flugklasans Ari 66N fyrir tímabilið 21. mars til 7. október lögð fram.

#### **12. Innsent erindi: Eyþing dags. 16. október 2018**

Bréf frá stjórn Eyþings lagt fram. Farið er fram á 9,3 m.kr. viðbótarframlag frá aðildarsveitarfélögum sambandsins vegna tímabundinnar ráðningar framkvæmdastjóra. Hluttur Langanesbyggðar er skv. íbúaskiptingu kr. 146.332.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða beiðni og felur sveitarstjóra að greiða umbeðna fjárhæð. Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að óska frekari skýringa á málinu hjá Eyþingi og leggja þær skýringar fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

#### **13. Samstarfssamningur við Héraðssamband Þingeyinga**

Fram er lagt bréf frá HSB, dags. 18. október 2018, þar sem farið er fram á framlengingu samstarfssamnings við sambandið vegna reksturs þess. Einnig eru lögð fram drög að nýjum rekstrarsamningi ásamt öðrum gögnum.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhlé kl. 17:34. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:35.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að rekstrarsamningi og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Samþykkt samhljóða.

#### **14. Aflið – styrkbeiðni vegna 2019**

Lagt er fram erindi frá Afli – samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, dags. 4. október sl.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórnar þakkar erindið en sér sér ekki fært að verða við því.



Samþykkt samhljóða.

## 15. Samþykktir Langanesbyggðar – síðari umræða

Drög að nýrri samþykkt um stjórn Langanesbyggðar lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Til máls tók Mirjam Blekkenhorst og lagði fram svohljóðandi viðbót við 49. gr. tillögu að samþykktum:

*Fjallskilastjórn.* Kosning fulltrúa í fjallskilastjórn þar sem það á við, sbr. 2. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Fjallskilastjóri: Sveitarstjórn skal í samráði við landeigendur í viðkomandi fjallskiladeild skipa einn mann í hverja fjallskiladeild sveitarfélagsins til að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála innan deildarinnar og nefnist hann fjallskilastjóri. Fjallskilastjóri getur í samráði við sveitarstjórn valið sér samstarfsmenn einn eða fleiri, sem þá teljast ásamt honum stjórn viðkomandi fjallskiladeildar. Hver fjallskiladeild skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa.

Til máls tóku Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar, Mirjam Blekkenhorst, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 17:45.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:50.

Oddviti lagði til að málinu yrði frestað til aukafundar sveitarstjórnar sem haldinn verður mánudaginn 29. október nk. kl. 17.

Samþykkt samhljóða.

## 16. Miðholt 10 – Viðhaldsmál

Lagt er fram minnisblað um þörf á viðhaldi á íbúð í húsnæði aldraðra að Miðholti 10 á Þórshöfn.

Til máls tók Elías Pétursson.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:54. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:55.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn að felur sveitarstjóra að láta vinna bráðaviðgerð á íbúð D við Miðholt 10, skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun. Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að láta vinna ítarlega og kostnaðargreinda úttekt á viðhaldsþörf allra íbúða við Miðholt 10 og að Bakkavegi 23.

Samþykkt samhljóða.



### 17. Drög að Samgönguáætlun 2019 – 2033 stefna í samgöngumálum

**Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:** Um leið og sveitarstjórn fagnar því að nú skuli hilla undir að lagt verði bundið slitlag á Langanesströnd þá mótmælir sveitarstjórn Langanesbyggðar því harðlega að ekki skuli vera gert ráð fyrir lúkningu vegabóta á Brekknaheiði fyrir en á öðru tímabili samgönguáætlunar. Sveitarstjórn leggur á það mikla áherslu að öllu verkefninu verði fundinn staður á fyrsta tímabili áætlunar enda er vegurinn bæði stofnvegur og eina samgönguleiðin á milli þeirra tveggja byggðakjarna sem í sveitarfélaginu eru. Í ljósi þeirra erfiðleika sem nú steðja að Bakkafirði og að í samgönguáætlun er áréttað að Bakkafjörður og Þórshöfn séu eitt vinnusóknarsvæði þá er það sveitarstjórn undrunarefni að ekki skuli áætlað að ljúka gerð bundins slitlags á leiðinni milli umræddra byggðakjarna fyrir en raun ber vitni. Sveitarstjórn bendir einnig á að í aðdraganda sameiningar Skeggastaðahrepps og Þórshafnarhrepps árið 2006 kom skýrt fram hjá stjórnámálamönnum og ráðuneytum að forsenda farsællar sameiningar væri vegur með bundnu slitlagi á milli byggðakjarna sameinaðs sveitarfélags. Síðan eru tólf ár og ekkert bundið slitlag.

Það er álit sveitarstjórnar Langanesbyggðar að hægt sé að leggja veg um Brekknaheiði með minni tilkostnaði en áætlun vegagerðarinnar gerir ráð fyrir. Sú skoðun sveitarstjórnar byggir á því að velja annað vegstæði en nú er á aðalskipulagi. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til samtals við ríkið og Vegagerðina um hagkvæmari kosti.

Til máls tók: Almar Marinósson, Elías Pétursson veitti andsvar.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri við Alþingi og fjölmiðla.

Samþykk samhljóða.

### 18. Sveitarsjóður, átta mánaða uppgjör

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir rekstraruppgjör fyrir fyrstu átta mánuði ársins. Tekjur hafi verið um 695 m.kr., gjöld 638 m.kr. og rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði um 57 m.kr. eða um 5% af tekjum. Tekjur eru um 67 m.kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir en gjöldin um 65 m.kr. hærrí. Afkoma eftir fjármagnsliði er jákvæð um 40 m.kr. sem er um 13 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Unnið er að greiningu á þeirri frammúrkeyrslu gjaldamegin sem sjá má í rekstraryfirlitinu og verður sú greining lögð fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

### 19. Fjárhagsáætlun 2019 – Tillaga að fjárhagsáætlun

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun 2018 í samræmi við 62. gr 3. mgr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir meginforsendur framlagðrar tillögu. Þá lagði sveitarstjóri fram drög að tímaplani vegna áætlunarinnar hvar fram kom hvernig verkþættir áætlunar munu vinnast og tillaga að dagsetningum vinnufunda sveitarstjórnar.



Að lokum óskaði sveitarstjóri eftir góðu samstarfi við alla kjörna fulltrúa í þeirri vinnu sem nú er framundan.

Til máls tók: Almar Marinósson, Elías Pétursson veitti andsvar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og vísar henni til áframhaldandi umfjöllunar í stjórnkerfi og sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

## 20. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir það helsta sem í gangi hefur verið utan þess sem fjallað hefur verið um hér að ofan.

*Leikskóli nýbygging:* Hafin er reisning nýs leikskóla og standa væntingar til þess að húsið verði upprisið og lokað um miðjan nóvember. Aflað hefur verið tilboða í flesta verkliði og er nú unnið að yfirferð tilboða og rýni. Að því loknu verður unnin samantekt og kynnt fyrir sveitarstjórn.

*Fjármálaráðstefna:* Sveitarstjóri, skrifstofustjóri, oddviti og fyrsti maður U-lista sóttu hina árlegu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var dagana 11. og 12. október sl. samkvæmt venju var ráðstefnan fróðleg og gagnleg. Kjörnir fulltrúar eru hvattir til að kynna sér það efni sem liggur frammi á heimasíðu sambandsins svo sem upptökur af málstofum, fyrirlestra og annað.

*ArcticCircle:* Sveitarstjóri sótti hina árlegu ArcticCircle ráðstefnu sem haldin var dagana 19. til 21. október sl. ráðstefnan var ákaflega fróðleg og ljóst að mikil gerjun er í málefnum norðurslóða. Á ráðstefnunni gafst einnig tækifæri til að funda með forsvarsmönnum bremenports og öðrum sem koma að Finnaþjóðarverkefnum.

*Íbúafundur:* Unnið er að undirbúningi íbúafundar vegna skipulagsmála, áætlað er að fundurinn verði haldinn í annarri viku nóvember.

*Fráveita:* Í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar hefur sveitarstjóri sett í gang vinnu við að uppfæra og bæta gögn sem til eru vegna fráveitumála í sveitarfélaginu og bæta gögnum við þar sem upp á vantar.

*Íþróttamiðstöð:* Í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar hefur sveitarstjóri hafið vinnu við að draga saman öll gögn sem til eru um húsnæði íþróttamiðstöðvarinnar, í framhaldi verður útbúið heilstætt stöðumat sem kynnt verður sveitarstjórn.

*Byggðakvóti komandi fiskveiðiárs:* Unnið er að umsókn sveitarfélagsins um byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2019/2020, umsóknafræstur er til mánaðarmóta.

Til máls tók Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:28.